



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 1152 – 717. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar um að fela innanríkisráðherra að undirbúa heildstæða aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi auk þess að fela fjármálaráðherra að tryggja tiltekna fjárveitingu til rannsókna og aðgerða gegn slíkri brotastarfsemi, einkum mansali og eftir atvikum vændi.

MRSÍ fagnar þeirri tillögu sem lið í þeirri viðleitni að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi og þá sérstaklega mansali, en mansal er talið vera sú tegund glæpastarfsemi sem um þessar mundir er í hvað örustum vexti.¹ Í ljósi þess áréttar MRSÍ mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi að nægilegu fjármagni verði veitt til rannsókna á og baráttu gegn mansali enda er um að ræða eina af alvarlegustu birtingarmyndum fjölþjóðlegrar glæpastarfsemi sem felur í sér gróf brot gegn mannréttindum þolenda þess.

Ofangreindar tillögur eru að mati MRSÍ afar jákvæðar og nauðsynlegar, enda er ljóst að skipulögð glæpastarfsemi fer vaxandi bæði hér- og erlendis og er hún að stórum hluta fjármögnuð með mansali og vændi. Þessi þróun er þó ekki ný af nálinni eins og ítrekað hefur verið bent á og kallað eftir aðgerðum af hálfu ýmissa hagsmunasamtaka og alþjóðlegra stofnana, einkum innan Sameinuðu þjóðanna, og ljóst er að mansal og vændi þrífast hér á landi og vísbendingar eru um að þessi tegund glæpastarfsemi færist í aukana frekar en hitt. Sú þróun er grafalvarleg og samkvæmt alþjóðlegum og svæðisbundnum lögum ber stjórnvöldum skylda til að sporna gegn henni með öllum tiltækum ráðum.

¹ Mat Ríkislögreglustjóra á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi Skýrsla ríkislögreglustjóra (2010).



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Árið 2010 fullgilti Ísland samning Sp gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi (Palermó samningurinn) auk bókunar um mansal og hafa stjórnvöld undanfarin ár lagt mikla áherslu á að sporna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og mansali. Palermó samningurinn staðfestir m.a. að barátta ríkja gegn fjölþjóðlegri brotastarfsemi, sem virðir engin landamæri, er ekki vænleg til árangurs nema með samvinnu ríkja og því var nauðsynlegt að skapa alþjóðlegan lagalegan grundvöll fyrir slíkri samvinnu í formi alþjóðlegs sáttmála. Mansalsbókunin er hluti af þeim sáttmála og tekur sérstaklega á mansali sem afsprengi fjölþjóðlegrar glæpastarfsemi sem er einn stærsti og gróðavænlegasti þáttur hennar. Lögð er höfuðáhersla á saksókn brotamanna auk þess sem mælt er fyrir um að þolendum mansals sé veitt vernd og viðhlítandi aðhlyning. Palermó samningurinn er þó ekki mannréttindasamningur heldur samningur sem hefur það markmið að samræma refsilöggjöf aðildarríkjanna sem snýr að fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og er því saksókn brotamanna meginmarkmiðið, fremur en vernd fórnarlamba.

Þann 23. febrúar 2012 var fullgiltur af Íslands hálfu Evrópuráðssamningurinn um aðgerðir gegn mansali frá 2005 og tekur hann gildi 1. júní næstkomandi. Í aðdraganda fullgildingarinnar voru gerðar ýmsar nauðsynlegar lagabreytingar sem miða að bættri vernd fórnarlamba mansals, m.a. á almennum hegningarlögum og útlendingalögum. Að mati MRSÍ eru þessar breytingar ásamt fullgildingu Evrópuráðssamningsins afar jákvæðar og stórt skref baráttunni gegn mansali. Ólíkt Palermó-samningnum/bókuninni gengur Evrópuráðssamningurinn töluvert lengra í vernd mannréttinda og skyldar aðildarríki m.a. til að grípa til aðgerða gegn mansali óháð því hvort það sé afsprengi fjölþjóðlegrar brotastarfsemi eða ekki, enda ljóst að mansal getur einnig átt sér stað í einangruðum tilvikum. Höfuðáhersla er því lögð á vernd og aðstoð við fórnarlömb mansals en þar að auki miðar samningurinn að því að gerendur verði saksóttir fyrir brot sín.

Mansal og einkum vændi er oft og tíðum bein afleiðing skipulagðrar glæpastarfsemi og stór þáttur í fjármögnun starfseminnar. Þar að auki er um að ræða gróft mannréttindabrot gagnvart þolendum mansals sem ótvírætt á sér stað í vaxandi mæli á Íslandi, þrátt fyrir að kaup á vændi hafi verið gerð refsiverð árið 2009. MRSÍ lýsir yfir áhyggjum af því að ekki hafi verið sakfelld fyrir kaup á vændi í tvö ár, en slík mál virðast ekki hafa forgang hjá lögreglu og lögunum er því ekki framfylgt. Á meðan vændi er látið óátalið missa lögin fælingarmátt sinn og varnaðaráhrif, sem getur haft þær afleiðingar að eftirspurnin eykst og þar með framboði líka. Af þessu leiðir aukið mansal, fleiri fórnarlömb sem hneppt verða í ánaud og seld og gróði brotamanna verður meiri fyrir vikið.

Að ofangreindu virtu telur MRSÍ rétt að áréttta mikilvægi þess að tryggja lögreglunni nægilegt fjármagn og fyrirmæli um að rannsaka mansal og vændi í baráttunni gegn fjölþjóðlegri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

skipulagðri glæpastarfsemi. Aðgerðarleysi í þeim efnum getur haft alvarlega keðjuverkun í för með sér sem stríðir auk þess gegn markmiðum þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar. Hvetur MRSÍ til þess að sett verði á stofn sérstakt teymi innan lögreglunnar sem hafi það hlutverk eitt að rannsaka vændis- og mansalsmál. Gjarnan má og hugsa sér sérstakan saksóknara í slíkum málum eins og raunin er á Spáni t.d., þar sem slíkt fyrirkomulag hefur gefist vel.

Með vísan til Evrópuráðssamnings gegn mansali er enn fremur mikilvægt að stjórnvöld tryggi þóendum mansals víðtækan stuðning og vernd innan kerfisins. Í því sambandi er afar áriðandi að koma á skýrum verklagsreglum um hvernig skuli taka á málum þeirra sem eru þóendur mansals á Íslandi innan stjórnkerfisins með þeim hætti að ákvæðum Evrópuráðssamningsins verði framfylgt.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri